

450 dagar, 1.700 hól, 7.000 klst. Dynex Togtaugarnar eldast vel á Vestmanney VE

Í september voru liðnir 18 mánuðir frá því að Birgir Þór Sverrisson skipstjóri byrjaði með nýja togbátinn Vestmannaey VE-444. Báturinn hefur reynst mjög vel að öllu leyti og nýtir sér þann besta og nýjasta tæknibúnað sem völ er á á öllum sviðum.

Árangurinn lét heldur ekki á sér standa hjá Birgi og áhöfn sem fiskuðu 2.840 tonn að aflaverðmæti yfir 416 milljónir króna árið 2007. Þetta er mjög góður árangur jafnvel þó svo skipið hefði verið að veiðum allt árið, en er frábær þegar þess er gætt að skipið var ekki að veiðum fyrstu þrjá mánuði síðasta árs.

Birgir er fyrsti skipstjórinn í Norður-Atlantshafi sem notar Dynex Togtaugar við botntrollsveiðar í stað togvira, en vírar hafa eingöngu hafa verið notaðir við togveiðar hér við land frá því í byrjun tuttugustu aldarinnar. Að mati Birgis þá eiga Dynex Togtaugarnar þátt í þeim góða árangri sem náðst hefur í góðum afla og aflaverðmætum.

Pokahornið hefur fylgst grannt með árangri Birgis og áhafnar í þessa 18 mánuði:

- Úthaldsdagar á Vestmannaey á þessum átján mánuðum eru um 450, toguð hafa



Birgir Þór Sverrisson skipstjóri á Vestmannaey VE 444.

verið 1.700 hól sem hafa varað í um 7.000 klst. Togtaugarnar hafa verið notaðar á flestar botngerðir sem finnst á togmiðum hér við land, þannig að þær hafa fengið sömu meðferð og þegar togvír er notaður við botntrollið.

- Togtaugarnar hafa einungis verið stytta um 40 faðma á fyrstu 18 mánuðum. Það kom í ljós eftir um sex mánaða notkun að Taugarnar virðast snerta botninn á neðstu 30-40 metrunum, annað slagið, þegar togað er yfir hæðir og hóla og eins þegar togað er í

bröttum köntum. Eftir 12 mánaða notkun var ákveðið að setja hlífðarkápu upp á neðri enda Togtauganna næst hlerum og hefur sú aðgerð gefið góða raun. Hlífðarkápan er eins og ný eftir sex mánaða notkun og eru Togtaugarnar óstytta eftir þennan tíma.

- Togtaugarnar hafa komið vel út í veiði ekki síst á grynri miðum t.a.m. á 20-100 faðma botndýpi. Auðvelt er að halda fullum skver í trollinu á grunnu vatni, allt niður í 20 faðma dýpi og eykur það veiðihæfni trollsins til mikilla muna.



- Á meira dýpi þarf að slaka meira út af Togtaugum en ef um togvír væri að ræða og eykst sá munur eftir því sem farið er dýpra með veiðarfærið. Með Togtaugum er algengt hlutfall á milli dýpis og lengdar á slökuðum Togtaugum 1:3 til 1:4 en með togvír er hlutfallið hins vegar á bilinu 1:2 til 1:2,5. Á 250 faðma botndýpi þarf Vestmannaey að slaka út um 900 föðmum af Togtaugum en hefði þurft að slaka um 600 föðmum út af togvír við sömu aðstæður.

- Á miklu dýpi getur trollið orðið laust frá botninum t.d. í beygjum, þar sem lítið annað heldur því við botninn en þyngd hleranna og svo fótreiðið. Því þurfa hlerarnir að vera hlutfallslega þungir miðað við stærð og sitja vel. Það sem komið hefur í ljós hjá Vestmanney er að nánast er jafn þungt að toga trollið með Dynex Togtaugum á 50 faðma dýpi eins og er að toga það á 250 faðma dýpi. Með vír er þar eðlilega mikill munur á. Kraftarnir sem þarf til að skvera í sundur 600 faðma af vír og draga hann og trollið áfram eru eðlilega miklu meiri en þarf með léttar Dynex Togtaugar.

Léttari, *kröftugri* og stöðugri - nánast ekkert viðhald í 9 mánuði!

Viking Xstream botntrollshlerar hjá Ottó N. Þorlákssyni

Jóhannes Ellert Eiríksson, skipstjóri (Elli) á ísfisktogaranum Ottó N. Þorlákssyni, hefur verið að gera það gott með 7m² Viking Xstream hlera á botntrollsveiðum suðvestur af landinu, undanfarna mánuði.

Elli tók hlerana um borð í desember á síðasta ári og fann strax að þeir virkuðu mun betur en gömlu Viking hlerarnir sem hann hafði notað undanfarin ár. Hann segir að eftir að hann fékk hlerana um borð hafi hann ekki þurft að þæla neitt í þeim, þeir hafi virkað fullkomlega, strax við fyrstu notkun. „Það er mjög mikilvægt, því það er enginn tími til að standa í einhverjum breytingum á veiðarfærum í stuttum veiðiferðum eins og tíðkast hjá okkur á ísfisktogurum” segir Elli.

Elli segist vera mjög ánægður með árangurinn og segist vera að draga betur upp með nýju hlerunum en þeim gömlu.

„Ég er að fá 15-20% meiri breidd milli hleranna á botninum, það er mun léttara að draga þá og hífa og við náum á togi um ½ sjómílu meiri hraða, og það munar um minna og kemur sér vel þegar við erum t.d. að eltast við ufsa, sem er sprettharður fiskur. Þá virka hlerarnir mjög vel hvort sem er á



Ísfisktogarinn Ottó N. Þorláksson RE 203 í eigu Hb Granda í Reykjavík.

miklu dýpi eða á grynna vatni, eins og sumstaðar á Fjöllumum. Þar skvera hlerarnir trollið mun betur í sundur og netatjón er minna en áður,” segir Elli.

Þá segir Elli að þegar hlerarnir séu losaðir úr festum sé auðvelt að virkja þá aftur, en þar komi þriðja bakstroffan að góðum notum, þótt ekki taki

mikið í hana á beinu togi. Elli segir að á beinu togi séu hlerarnir afskaplega stöðugir og haldist mjög vel í jafnvægi á hörðum og ójöfnum botni, ásamt því að haldast uppréttir í snörpum beygjum. Einnig segir Elli að hlerarnir vinni frábærlega þegar farið er fram af bröttum köntum og togað dýpra, því þeir haldi skver í

trollinu allan tímann á niðurleiðinni.

Að lokum kveðst Elli vera mjög sáttur við smíði hleranna. Það sé mjög óvanalegt að viðhaldskostnaður sé sama og enginn eftir níu mánaða notkun um borð í togara, sem fiskar að jafnaði á einu erfiðasta botnsvæði umhverfis Ísland. Sú sé raunin með Viking Xstream hlerana!



Viking Xstream botntrollshlerar Hampiðjunnar.

Xstream tæknin Betra bakflæði

Undanfarna 18 mánuði hefur verið unnið mikið þróunarstarf á PolyIce toghlerum Hampiðjunnar.

Straumristar stórbæta bakflæðið

Þegar hleri er dreginn í gegnum sjó myndast fyrir aftan hann straumiður sem toga stöðugt á móti

togstefnunni. Þær straumiður mynda umtalsverðan hluta af togmótstöðu hlera. Með það að markmiði að minnka straumiður hleranna var leitað lausna á þessu vandamáli og eftir ýmsar hugmyndir og prófanir þá varð niðurstaðan að bæta straumristum aftan á

hlerann þannig að straumiðurnar „neyddust“ til að rétta úr sér og flæða í stöðugu flæði fyrir aftan hlerann.

Við þessa breyting jókst lyftikraftur, stundum nefndur skverunarkraftur, hlerans um allt að 20%, eftir toghraða. Einnig er hlerinn í mun betra jafnvægi á togi og stöðugt bil verður á milli togvíra, hlera og trolls á togi, í hífingu, í slökun og á snúningi.

Endurbætt brakkett

Brakkettið á Viking Xstream hleranum er nú fimm festiplötur sem hver hefur þrjú göt. Samtals eru því 12 stillimöguleikar á hleranum. Þetta er mikill munur frá gamla brakkettinu, sem var á miðplötu hlerans með þremur stilligötum. Brakketið á Apollo er aftur á móti Xstream hleranum er liðbrakket sem hægt að stilla upp og niður, fram og aftur og er samtals með 20 stillingarmöguleika.

„Spöruðum mikið af olíu“ Apollo Xstream á Bjarna Ólafssyni AK

Pokahornið heyrði af góðum árangri hjá þeim bræðrum Gísla og Runólfi á Bjarna Ólafssyni með nýja 9m² Apollo Xstream flottrollshlera, sem þeir tóku í notkun sl. vor.

Pokahornið náði tali af Gísla skipstjóra. „Við erum afskaplega ánægðir með Xstream hlerana og spöruðum mikið af olíu við að nota þá á kolmunnann í vetur. Þeir skvera sig í sundur

um leið og þeir koma í sjóinn og eru sérlega léttir í hífingu. Þeir smellpassa við Gloríu 1792 þantrollið, sem við erum með á kolmunninum og síldinni“ sagði Gíslí.




Apollo Xstream flottrollshlera
Hampiðjunnar.

Stiglaus Dynex Togtaugastýring

Huginn VE hefur fengið nýja tölvustýrða Dynex Togtaugastýringu frá Rapp Hydema fyrir togvindur skipsins.

Nýja tækið býður upp á mjög nákvæma innröðun á Dynex Togtaugum skipsins. Þetta er í fyrsta sinn sem búnaður af þessari gerð er reyndur um borð í fiskiskipi í heiminum. Að sögn Guðmundar Hugins, skipstjóra, hefur tækið komið vel út í alla staði og raðar Dynex Togtaugunum afar jafnt inn



á vindurnar, sem kemur í veg fyrir að tógið fari úr skorðum og ójafnist með tilheyrandi smellum. Þetta eykur enn endingu Dynex Togtauganna vegna þess hve vel þær raðast inn, jafnvel þó svo samsetningar séu á Togtauginni.

Togtaugastýrið er stillt uppi í brú, en í framtíðinni er stefnt að því að vera með fjarstýringu frá vélbúnaði vindanna niður á dekki svo áhöfnin geti stjórnað þar innröðuninni.

Dynex Togtaugar

Hugmynd verður að veruleika

Fyrir u.þ.b. 10 árum fór sú hugmynd á kreik innan Hampiðjunnar að hægt væri að hanna og framleiða Dynex Togtaugar sem gætu leyst togvira af hólmi.

Þá hafði fjöldi skipa notað hefðbundið Dynex í grandara, leiðara, líflínur, gjarðir o. fl. með góðum árangri. Dynex hafði sannað sig sem afburða ofurtóg með styrk á við vör en með léttleika venjulegs kaðals. Engu að síður var ljóst að hefðbundið Dynex uppfyllti ekki þær kröfur sem þyrfti til að leysa togvör af hólmi.

Hönnunarforsendur
Þróunarteymi Hampiðjunnar setti niður helstu hönnunarforsendur fyrir Dynex Togtaugarnar. Þær voru margar en þær helstu voru eftirfarandi:

- Ending Tauganna þyrfti að vera a.m.k. **þrefaldur endingartíma togvirs** sem mundi greiða að fullu verðmuninn á þeim og vör.
- Aðrir kostir Tauganna s.s. **minni olíueyðsla og bætt veiðihæfni** skipisins yrðu kaupauki kaupandans.
- Taugin væri **ein samansteypt heild**, þ.e. að við langtímanotkun færi mergur ekki að skrölta inni í tóginu sjálfu og tógið sömuleiðis færi ekki með tímanum að skrölta inni í kápunni.



Brautryðjandinn: La Geltru frá norðaustur Spáni.

- Taugin hefði litla sem **enga tognun**.
- Taugin **væri sívöl**, svo hún raðaðist vel inn á togsplil og kræktist þar ekki í sjálfa sig.
- Taugin **sykki** upp við skipið (sjóþyngd yfir 1,0).
- Taugin hefði **níðsterka hlífðarkápu** úr ofurefni og þylði því nudd afburða vel.

Eftir margvíslegar tilraunir í framleiðslunni náðist að uppfylla öll skilyrðin hér að ofan. Sérstaklega tókst vel að steypa saman merg, tóg og kápu í eina samstæða heild. Þar kom afburða tækjakostur Dynex deildar Hampiðjunnar sér vel. Reyndar varð verð Tauganna í byrjun allt að fjórfalt vöraverðið, en með stórhækkun verði á stáli hefur sá munur farið niður í að vera þrefaldur og jafnvel enn minni. Hampiðjan sótti jafnframt um einkaleyfi á framleiðsluáðferð Dynex Togtauganna.



Nærmynd af Dynex Togtaug.

Miklu veldur sá er upphafinu veldur!

Árið 2002 var togbáturinn *Geltru* frá *Geltru* á Norðaustur-Spáni fyrsta skipið til að hefja notkun á Dynex Togtaugum í stað togvira til botntrollsveiða í Miðjarðarhafinu. Þá voru 500 metrar af 10 mm Dynex Togtaugum settir ofan á vírana sem fyrir voru á vindunum. Ári seinna voru tvö önnur skip á sama stað komin með 10 mm Dynex Togtaugar í stað togvira og voru það *La Geltru* og *Cap Prim* frá sama stað á Norðaustur-Spáni. Það er því óhætt að segja að Spánverjar hafi leikið stórt hlutverk í þessari byltingarkenndu breytingu í togveiðum.

Næst kom Nýja-Sjáland

Árið 2004 hóf *Richard Burch* eigandi og skipstjóri á *Nancy Glen* á Nýja-Sjálandi að nota 250 metra af 11 mm Dynex Togtaugum ofan á togvira hjá sér og skipti síðan alveg yfir í Dynex Togtaugar. Í dag er *Richard* búinn að losa sig við allan vör úr veiðarfærum bátsins. Síðar hafa tveir aðrir togbátar keypt Dynex Togtaugar á Nýja-Sjálandi og nota þær með góðum árangri og telja sig bæði fá meiri veiði og minni olíueyðslu.

Þá Ástralía

Árið 2006 keypti útgerð ástralska togarans *Riba II*, 2 x 550 metra af 26 mm yfirfléttuðum Dynex Togtaugum og notaði með þrýðisárangri þar til skipið var selt til Íslands, en skipið heitir nú *Gullberg VE*.

Þá skárust Bandaríkin í leikinn

Árið 2006 byrjaði *Charles Bronson* (Jack) með 350 faðma af 26 mm Dynex Togtaugum ofan á togvörnum á A-vertiðinni (fyrri hluta árs) í Alaska. Togarinn er frekar afltill en með Dynex Togtaugunum tókst Jack bæði að auka togferðina á sama tíma og hann fékk meiri breidd í trollið.

Stór skref stigin í Vestmannaeyjum

Um haustið 2006 fóru 400 faðmar af Dynex Togtaugum um borð í *Hugann VE* sem settar voru yfir vírin á spilunum. *Guðmundi Huginn*, skipstjóra, fannst yfirburðir Dynex Togtauganna í yfirborðsveiðinni vera miklir vegna léttleika þeirra og eins fannst honum mun auðveldara að ná síldinni í trollið, en hún er stygg uppi við yfirborðið. Reynslan af Dynex Togtaugunum var það góð á Huganum að

útgerðin ákvað að skipta alveg út togvurunum og fara alfarið í Dynex Togtaugar árið eftir. Um miðjan mars 2007 fékk útgerðarfélagið *Bergur Huginn* afhenta nýja togbáta sem smíðaðir voru í Pólland. *Birgir Þór Sverrisson*, skipstjóri á *Vestmannaey* steig skrefið til fulls og ákvað að nota eingöngu Dynex Togtaugar. Sjá viðtal við Birgi annars staðar í blaðinu.

Ísland, Færeyjar, Kína og S-Ameríka
Skriður komst á Dynex



Hin nýja og glæsilega Norðborg verður næsta skip sem tekur Dynex Togtaugar í notkun um næstu áramót.

Togtaugarnar á seinni helmingi ársins 2007. Öll uppsjávarskip *HB Granda*, *Faxi*, *Ingunn* og *Lundey*, væddust Dynex Togtaugum í stað togvira, *Margrét EA* reið á vaðið hjá *Samherja* og *Finnur Friði* í Götu var fyrsta skipið í Færeyjum til að taka Dynex Togtaugar um borð hjá sér. Í kjölfarið komu *Christian í Grótinum* og *Norðborgin*, skip í eigu

útgerðarfélags *Martins Christians Rassmussen* í Klaksvík. Þá hafa útgerðarfélög í Kína og Argentínu nýverið pantað Dynex Togtaugar.

Niðurlag

Einhvern tímann var sagt að steinöldin hefði ekki liðið undir lok vegna þess að það fór að vanta steina! Kannski verður hægt að segja það sama um togvír við togveiðar. Annað betra tekur við.



Dynex Togtaugar.

MagNet Gult

Nýtt sérhannað net fyrir poka

Net og garngerðir þarf að hanna sérstaklega fyrir hvert notkunarvið til þess að draga fram þá eiginleika sem netið þarf að hafa til að skila sínu hlutverki sem best.

Það á ekki síst við um það net sem notað er í pokann. Á sumum svæðum, til dæmis við Afríku, þarf pokanetið að vera svert, með frekar smáum möskva og mjög nuddþolið. Á íslenska markaðnum hefur einnig verið vaxandi áhugi á sverara neti, bæði einföldu og tvöföldu. Til að mæta



þessum óskum var ákveðið að hanna nýja tegund af MagNeti, sem dregur nafn sitt af lit sínum, sem er gulur og heitir MagNet Gult.

Netið er með tiltölulega mikla mergfyllingu en engu að síður er meginhluti þráðanna í kápunni. Það gefur minna þvermál, meiri stífleika, góða hnútafestu sem hentar vel fyrir svert og efnismikið garn. Netið er hnýtt með sérstakri aðferð þannig að allir hnútarnir lenda á sömu

hlið þess. Þannig er bragðið á hnútnum látið lenda á ytra byrði netsins þar sem meira reynir á nuddþolið. Sléttari hlið netsins er að innanverðu og fer það betur með fisk sem liggur utan í netinu í pokanum. Í boði eru þrír sverleikar, 4,6 mm, 5,6 mm og 6,2 mm, hnýttir í möskvastærðum frá 70 mm heilmöskvi í einföldu neti og 127 mm í tvöföldu neti.

Kristinn Gestsson skipstjóri á Þerney RE 101 er einn þeirra sem notað hefur úr poka úr Magnet gulu í sumar. Hann lætur vel af netinu og segir það nuddþolið, möskvastærð sé stöðug og góð hnútafesta í því. Þetta sé sterk net sem henti betur en aðrar gerðir sem hann hefur notað hingað til.


Skynsemispokinn er þver!

Sveinn Hjálmarsson skipstjóri á Kaldbak EA, lést eftir erfið veikindi fyrr á þessu ári, liðlega sextugur að aldri. Hans er sárt saknað af togaramiðunum, þar sem hann naut virðingar sem einn af aflasælustu og reyndustu skipstjórum þjóðarinnar og var óspar á að miðla af reynslu sinni til þeirra sem leituðu til hans um ráð og tillögur. Hann var mjög farsæll skipstjóri með skip sitt og áhöfn og var alla sína togararmennsku á skipum í eigu Útgerðarfélagis Akureyringa, síðar Brims hf. Sveinn byrjaði ferilinn á nýsköpunartogaranum Harðbaki og fór þaðan á skuttogarann Kaldbak þegar hann kom nýr til landsins, tók við stjórn skipsins 1982 og endaði þar ferilinn fyrir nokkrum árum.

Sveinn fylgdist vel með þróun veiðarfæra í viðleitni sinni til að hámarka árangur útgerðar, skips og áhafnar. Fyrir nokkrum árum var Hampiðjan með kynningu á Akureyri og m.a. var rædd sú hugmynd að snúa trollneti í poka um 90°. Sveini og Sæmundi Friðrikssyni, útgerðarstjóra, leist vel á hugmyndina og óskuðu eftir því við Hermann Guðmundsson, netagerðarmeistara Fjarðaneta á Akureyri, að hann setti upp poka í T-90 neti, eins og það kallast í dag.

T-90 þvernet

Hugmyndin með þvernet gengur út það að snúa



Venjulegt net.

Þvernet.

trollneti, sem strekkt er á síðum um 90 gráður. Við það opnast möskvarnir mun betur og straumhraði inn í pokanum verður allt að 50% meiri. Það má segja að frítt flæði sé hjá fiskinum í T-90 pokanum í stað þrenginga og hvirfla í hefðbundnum síðupoka, sem leiðir til þess að fiskurinn þarf að þrengja sér í gegnum trollgöngin til að komast aftur í pokaenda.

Á þessu tíma óskaði vinnslan í landi hjá Brimi að fá slægðan þorsk sem

væri 2,5–3,5 kg að þyngd. Vonast var eftir að þvernetspokinn gæti uppfyllt óskir vinnslunnar betur með því að skila út smáporski. Ákveðið var að nota 145 mm möskva í tvöföldu MagNeti Grænu í pokann og byrjaði Sveinn að nota pokann upp úr áramótunum 2004-2005.

Það kom fljótlega í ljós við veiðar í Hvalbakhallanum úti fyrir Austurlandi að þvernetspokinn stóð fyllilega undir væntingum. Í fyrstu áleit Sveinn að hann fengi minna afla í hverju hali en önnur skip á sama svæði vegna þess að það færi það mikið af smærri fiskinum út um pokann. Fljótlega kom þó annað í ljós, þ.e. að hann fékk að jafnaði það sama og aðrir m.v. tog tíma en munurinn var sá að hann

fékk stærri og betri fisk en aðrir, sem var sprellifandi þegar hann valt niður í móttökuna. Undirmálsfiskur og smælki var horfið úr aflanum. Sárálítið var um ýsu, sem er vel skiljanlegt með tilliti til möskvastærðarinnar.

Áhöfnin á Kaldbaki á þessum tíma leist strax vel á þessa nýjung sem stuðlaði að vinnuhagræðingu hjá þeim í aðgerð og í lest. Komu þeir sér saman um að kalla gripinn „Skynsemispokann“! Af þessu má álykta að troll með T-90 poka veiði betur vegna þess að það er meira streymi aftur í pokann en annars. Það orsakar það að fiskurinn er ekki að stinga sér út um trollmöskvana heldur fer hann rակleitt aftur eftir í millinet og poka. Þar heldur stærri fiskurinn sér á hreyfingu uns trollið er hi ft upp, en smærri fiskurinn syndir út um vel opna möskva þvernetisins.

Staðan er hins vegar sú í dag að það er ekki einn einasti togari sem notar þvernetspoka við botntrollsveiðar. Ástæðan er einfaldlega sú að það veiðist miklu minna af nýtanlegri ýsu með 135 mm lágmarks möskvastærðinni í T-90.

Er ekki kominn tími til að gerðar verði tilraunir með með minni möskvastærð, t.d. 120 mm, í T-90 til að sjá hvernig afla slíkur poki skilar í samanburði við 135 mm hefðbundinn T-90 poka við ýsuveiðar?



Skynsemispokinn á leið upp skutrennu Kaldbaks.

Nýjar glæsilegar höfuðstöðvar Hampiðjunnar hf.



Hið nýja húsnaði Hampiðjunnar að Skarfabakka 4 í Sundahöfn.

Hampiðjan er í þann mund að sameina starfsemi sína í nýju glæsilegu húsnaði að Skarfabakka í Sundahöfn. Lager og netaverkstæði verða tekin í fulla notkun síðar í þessum mánuði (október) en skrifstofu-hæðin síðar í vetur.

Í húsinu verða skrifstofur félagsins ásamt

glæsilegu netaverkstæði og rúmgóðu lagerhúsnaði. Lóðin er í heildina 15 þús. fermetrar þannig að gott útipláss verður við húsið. Lóðin liggur að hafnarkanti sem er 12 metra djúpur á stórstraumsfjöru, þannig að öll veiðiskip flotans geta auðveldlega lagst þar að bryggju til að skila af sér

eða taka um borð veiðarfæri.

Netaverkstæðið er ríflega 4 þús. fermetrar á stærð og er með 4 framleiðslulínur, þar af eru tvær hugsaðar fyrir flottroll, ein fyrir poka og sú fjórða fyrir nætur. Nótalínan er með nótagryfjum í báðum endum, sem bæði einfaldar og flýtir vinnu við viðhald og uppsetningu nóta. Netaverkstæðið er með yfir 8 metra lofthæð sem einfaldar vinnu og tilfærslur á stórum veiðarfærum. Á netverkstæðinu eru einnig sérútbúin svæði fyrir víravinnslu, samsetn-

ingu fótreiða og fixingu botntrolla. Þá verður netaverkstæðið útbúið kröftugustu tækjum og tólum þannig að aðstaða til veiðarfæragerðar og þjónustu við þau verður eins góð eða betri en best gerist annars staðar. Í suðurenda hússins er lager á um 1 þús. fermetra gólfleti, sem rúmar yfir 2.500 vörubretti en einnig eru á lagernum þrjú gámagöt ásamt rúmgóðri aðstöðu til móttöku og afgreiðslu vara.

Skrifstofur félagsins verða á sérhæð fyrir ofan norðurenda netaverkstæðisins. Þar verður yfirstjórn félagsins staðsett ásamt sölu- og markaðsdeild.

Einskipa Huginn VE Með kr. 630 milljónir í sumar!



Guðmundur Huginn Guðmundsson skipstjóri á Huginn VE 55.

Það er óhætt að segja að Guðmundur Huginn Guðmundsson, skipstjóri, og áhöfn hans á Huganum VE-55 hafi náð frábærum árangri í veiðum á makríl og síld nú í sumar.

Aflaverðmæti Hugans var kr. 630 milljónir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst, en þar af var aflaverðmæti í júlímánuði einum kr. 300 milljónir, sem líklega er Íslandsmet hjá

vinnsluskipi. Pokahornið ræddi fyrir skömmu hinn góða árangur við Guðmund Huginn, skipstjóra. Guðmundur segir þá hafa einbeitt sér að makrílveiðinni en síldin hafi verið tekin sem meðafli lengst framan af sumri.

„Við erum mjög sáttir við árangurinn í sumar og það hefur gengið vel hjá okkur að veiða makrílinn þótt við séum einskipa með trollið. Ég er ekki sammála því að það sé ekki hægt að veiða makríl nema með partrolli eins og flotinn er að gera í dag. Hvað varðar olíunotkun þá er ekki mikill munur á okkur og vinnsluskipunum þegar á heildina er lítið. Það sem hefur hjálpað okkur í að veiða einskipa



Makrílaflti

eru Dynex Togtaugarnar. Við höfum verið með þær undir í heilt ár og þær hafa hjálpað okkur heilmikið í yfirborðsveiðinni. Ef við hefðum verið með þunga togvira þá hefðum við ekki náð þeim árangri sem við náðum, það er alveg á hreinu.“

Guðmundur sagði jafnframt að með togviri sé miklu erfiðara að halda flottrollinu uppi í yfirborði og allir snúningar

séu auðveldari vegna þess hve Dynex Togtaugarnar eru léttari sjónum. „Við getum auðveldlega beygt með trollið þannig að það er utan við skráfuvatnið og þannig náum við makrílnum vel inn í trollið. Það er líka á hreinu að með því að vera með Togtaugarnar algjörlega uppi úr yfirborðinu, frá togblökk aftur að hlerum þá er ekkert sem styggir makrílinn á leið hans aftur í trollið eins og gera má ráð fyrir að togvírar geri þar sem þeir eru þess vegna neðar en trollið sjálft á toginu. Það sýndi sig á kolmunnaveiðinni í vetur að kolmunninn styggist mun síður þegar notaðar eru Dynex Togtaugar en togvír og er það vegna þess að Togtaugarnar liggja beint upp í skipið en togvír liggur í sveig framan við hlera og styggir fiskinn áður en hann fer inn í trollið“ sagði Guðmundur.

Viðtal við Arngrím Brynjólfsson, skipstjóra á Margréti EA

Pokahornið ræddi nýlega við Arngrím skipstjóra á hinu glæsilega uppsjáv-arskipi Samherja, Margréti EA, um reynslu hans af Dynex Togtaugum, sem settar voru á skipið um síðustu áramót.



Arngrímur Brynjólfsson skipstjóri á Margrét EA 710.

300 faðma dýpi. Síðan hefur partrollveiðin tekið við hjá ykkur?

Jú jú. Það hefur kannski ekki reynt mikið á Togtaugarnar í sumar á partrollinu uppi við yfirborð, þar

sem yfirleitt er bara verið með 150 til 200 metra úti. Ef með þurfti gekk líka ágætlega að fiska niður á 120 faðma dýpi, þar sem við partrolluðum með Berki, sem er með 36 mm togvíra. Við höldum að

það gæti verið erfitt þegar annar væri með vír en hinn Dynex, en annað kom á daginn og þetta gekk alveg ágætlega.

Finnst þér sjóhæfni skipsins vera betri?

Við finnum greinilega að skipið er léttara núna en áður þegar við vorum með togvírinn, enda fóru um 25 tonn af skipinu við það að skipta yfir í Dynex Togtaugar. Skipið er stífara í veltingi sem er eðlilegt þar sem þyngd-arpunktur skipsins færast neðar við það að taka



2000 metrar af 40 mm Dynex togtaugum inni á togvindu á Margréti.

þennan mikla þunga ofan af togdekki þess.

Hvernig líta Dynex Togtaugarnar núna út, eftir tæpt ár í notkun?

Taugarnar líta bara vel út, mergur, tóg og kápa hafa haldist vel saman og enn þá sést lítið sem ekkert á þeim.

Eitthvað að endingu?

Ja, það væri áhugavert að fá að prufa Dynex höfuðlínu-kapallinn sem ég hef heyrt af að sé í þróun hjá ykkur í Hampiðjunni. Höfuðlínu-kapall úr vír getur slegist í Dynex Togtaugarnar ef krappt er beygt sem Dynex kapall mundi ekki gera.

Ryðfríar rúllur í togblakkir

Með tilkomu Dynex Togtaugar mynd- aðist þörf fyrir rúllur og taugastýri úr ryðfríu stáli.

Bröðrene Markussen í Danmörku framleiddi nýlega fyrsta settið af togblökkum með ryðfríum rúllum og

mun þetta vera í fyrsta skipti sem það er gert. Togblakkirnar munu fara um borð í verk-smiðjutogarann TAI AN sem gerður er út frá Argentínu og er í eigu útgerðarfyrtæk- isins Sanford Argentin- ina. Skipstjóri skipsins er Sigurgeir Pétursson,

sem búið hefur til margra ára í Nýja-Sjálandi.

Togblökkinn K600-2A er með togrúllu sem er 600 mm í þvermál og er með brotþol upp á 30 tonn. Helmingur af innra þver- máli rúllunnar er úr hefð- bundnu stáli en ysti hring- urinn er úr ryðfríu stáli.



GLORIA® HELIX® DYNEX®



SWAN NET-GUNDRY



COSMOS TRAWL

MAGNET

POLY-ICE

UTZON

HAMPIÐJAN

www.hampidjan.is

Pokahornið, útgáfustjórn: Jón Guðmann Pétursson og Guðmundur Gunnarsson • Hampiðjan, Flatahraun 3, 220 Hafnarfirði • Áskrift sími 530 3300 og Fax 530 3309
Netfang: hampidjan@hampidjan.is • Veffang: www.hampidjan.is • Umsjón: Ottó auglýsingastofa • Prentavinnsla: Oddi